

Mál nr. 235/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna F.

Sjómaður meiddist í baki þegar hann var að setja pönnu í frystitæki 19.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 18.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
2. Bréf V dags. 16.8.2017.

Málsatvik.

M var við vinnu sína um borð í fiskiskipi og segist hafa verið að setja pönnu neðst í frystitæki þegar smell í mjóbakinu og hann skall á dekkið og þurfti að bera M í sjúkrabörum inn í sjúkraherbergi. Vindhraði þegar slysið varð var um 10-12 m. á sekúndu. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna F hjá V og segir að meginorsök slyssins hafi verið veltingur skipsins og stefnið hafi steypst niður og M misst jafnvægið, fallið og fengið slink á bakið. M byggir á því að veltingurinn og höggið þegar stefnið skall niður hafi verið óvæntur utanaðkomandi atburður, sem hafi leitt til þess að hann slasaðist.

V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slysað ræða og tjón verði ekki rakið til ákomu eða áhrifa utanfrá. V segir lýsingar M í samskiptum við heilbrigðisstarfsmenn séu þannig að hvergi komi fram atvikalýsing sem bendi til þess að eitthvað skyndilegt eða utanaðkomandi hafi valdið því sem gerðist. V bendir á að sú lýsing M að hann hafi orðið fyrir tjóni þegar stefnið hafi skolið niður vegna veltings sé hvorki að finna í lýsingu M á atburðinum fyrir læknum, tjónstilkynningu eða í lögregluskýrslu.

Álit.

Í lýsingu bráðamóttökuskrár Heilsugæslu Sauðárkróks dags. 22.7.2015 er atvikinu lýst með þeim hætti að M hafi verið „að beygja sig og snúa sér með 30 kg. pönnu þegar hann fékk skyndilega mjög slæmt tak í bakið“. Sambærilega lýsing á atvikinu er að finna í lögregluskýrslu dags. 6.8.2015 og í samskiptaseðli Heilsugæslu Sauðárkróks dags. 26.8.2015 en í síðari samskiptaseðli segir að M hafi sögu um brjósk og útbungun og langvarandi bakverki. Sama lýsing af atvikinu er í göngudeildarnótu frá sjúkrahúsi Sauðárkróks dags. 3.3.2016. Í læknisvottorði Stefáns Dalberg bæklunarlæknis dags. 25.1.2017 og segir í vottorðinu að skv. lýsingum M þá gæti öldugangur hafa valdið því að hann hlaut tognun í lendarhrygg og er það í fyrsta skipti sem slík skýring kemur fram. Í vottorði samstarfsmanns M dags. 27.3.2017 segir að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir í málsskoti. Fyrir liggur að M lýsir atvikum ítrekað með þeim hætti fyrst eftir atvikið, að hann hafi fengið slæman verk í bakið þegar hann var að beygja sig. Leggja verður upphaflegar lýsingar M til grundvallar um málsatvik, en skv. því verður ekki talið, að M hafi sýnt fram á að líkamstjón hans sé hægt að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem markar gildissvið slysatryggingar sjómanna heldur verður að rekja það til innra líkamlegs ástands hans.. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna F hjá V.

Reykjavík 12.9. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.